

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Hásteinsvegur 30, Stokkseyri. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. desember 2001 tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Hásteinsveg 30 á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Á lóðinni munu rísa fimm íbúða raðhús á einni hæð auk bílageymslna.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:500 þann 15. ágúst 2001 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 28. september til 26. október 2001 og var athugasemdafrestur til 9. nóvember 2001.

Engar athugasemdir bárust.

*Norðurhólar 1, grunnskólalóð í Suðurbyggð á Selfossi. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 9. apríl 2003 tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Norðurhóla 1 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Á lóðinni mun rísa grunnskóli ásamt íþróttahúsi, sundlaug, leikskóla og hugsanlega tónlistarskóla, allt í sama húsi.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1000 þann 30. október 2002 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 29. janúar til 26. febrúar 2003 og var athugasemdafrestur til 12. mars 2003. Engar athugasemdir bárust.

*Austurvegur 66, Selfossi. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 10. september 2003 tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Austurveg 66 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Á lóðinni mun rísa aðveitustöð Rafmagnsveitu ríkisins í stað núverandi aðveitumannvirkja.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:500 þann 16. apríl 2003 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 23. maí til 20. júní 2003 og var athugasemdafrestur til 4. júlí 2003.

Engar athugasemdir bárust.

Uppdrættir og greinargerðir fyrir öll deiliskipulögin hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um

Deiliskipulögin taka þegar gildi.

*Selfossi, 29. janúar 2004.*

**Bárður Guðmundsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.